



Áherslur dómarnefndar KKÍ

2010-2011

Dómarnefnd leggur áherslu á leikstjórnun þ.e. hegðun og framkomu keppnistímabilið 2010 – 2011. Markmiðið er að færa starfsfrið dómara nær því sem þekkist í nágrannalöndunum og FIBA leggur áherslu á.

Leggja skal upp með gott og faglegt samstarf við alla þátttakendur leiksins. Dómarnefnd ætlast til þess að dómarar komi í veg fyrir mótmæli varamanna og starfsmanna liðs og hverja þá framkomu sem líkleg er til að skapa neikvætt andrúmsloft.

Vinna skal að góðum samskiptum við þjálfara um leið og gerð verður krafa um fagmennsku og kurteisi. Dómarnefnd markar þá stefnu nú að skerpa á þessum hlutum og vísar í regluna um tæknivillur í þessu samhengi.

Ekki er ætlast til þess að þátttakendur leiksins geti ekki tekið þátt af innlifun eða sýnt tilfinningar en bregðast skal hart við síendurteknum mótmælum og tuði.



Áherslur dómarnefndar KKÍ

varðandi dómgæslu hjá börnum á grunnskólaaldri

2010-2011

Gerð skal enn ríkari krafa um faglega, kurteisa og jákvæða framkomu þjálfara hjá þessum aldurshópi en hjá fullorðnum. Leikmenn eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni sem og margir dómaranna. Öll slæm framkoma skal stöðvuð hið fyrsta og endurteknar athugasemdir við dómgæsluna á hvaða formi sem er skulu ekki liðnar.

Eigi leikmaður erfitt með að hemja skap sitt skal ábendingu og aðvörun um það komið hið fyrsta til þjálfarans og hann fær þá tækifæri á að skipta leikmanninum af velli, ræða við hann og fá hann til að láta af hegðun sinni. Dugi það ekki skal grípa til þeirra refsinga sem nauðsynlegar eru.